

60. fundur (aukafundur) hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 16. maí og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Egill Sigurðsson og Karl Ölvisson.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Framlagning kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara 26. maí nk.
2. Kosning í kjörstjórn
3. Fundargerðir

Gengið til dagskrár:

1. Framlagning kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara 26. maí nk.

Kjörgögn yfirfarin frá Þjóðskrá Íslands, á kjörskrárstofni eru 149 kjósendur.

Kjörskrá mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kjördags.

Kosning munu fara fram í Ásgarði þann 26. maí nk.

Kjörskrá samþykkt og sveitarstjóra falið að undirrita hana að morgni kjördags.

2. Kosning í kjörstjórn

Endurskipa þarf í kjörstjórn þar sem fjórir af sex aðal- og varafulltrúum úr kjörstjórn eru nú á framboðslistum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Hreppsnefnd samþykkir að skipa eftirtalda aðila í kjörstjórn:

Aðalmenn:

Erla Traustadóttir

Björn Guðjónsson

Benedikt Elvar Jónsson

Varamenn:

Kristjana Ragnarsdóttir

Ólafur Jón Ingólfsson

Unnur M Magnadóttir

3. Fundargerðir

a) 156. fundur skipulagsnefndar haldinn 11. maí sl. liður 1, 2 og 3 þarfnast umfjöllunar

liður 1. Krókur land L208423: Hlíð: Breytt heiti lóðar – 1805011

Lögð er fram umsókn Loryane Bjarkar Jónsdóttur dags. 23.04.2018 þar sem óskað er eftir breytingu á heiti lóðarinnar Krókur land lnr. 208423 í Hlíð. Skv upplýsingum frá umsækjanda lýsir nafnið lóðinni vel sem er hlíð í landslaginu sem snýr í suðurátt.

Afgreiðslu er frestað. Skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Liður 2. Jarðstrengslögn í Ásahreppi: Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi: Aðalskipulagsbreyting - 1805012

Tekin er fyrir umsókn Landsnets dags. 05.04.2018 um breytingu á Aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar lagningu jarðstrengs til styrkingar á raforkukerfi Suðurlands.

Áformað er að leggja Selfosslínu 2 að hluta í jörð milli Hellu og að tengivirkinu við Þjórsá.

Jarðstrengurinn kemur til með að fylgja Suðurlandsvegi í gengum Ásahrepp og Rangárþing ytra en ekki hefur verið ákveðið hvoru megin þjóðvegur strengurinn muni liggja. Einnig mun vestur hluti Selfosslínu 2 verða tengdur inn í áður nefnt tengivirki. Með breytingunni verður því Selfosslína 2 felld út af skipulagi á umræddu svæði og gert ráð fyrir jarðstreng með Suðurlandsvegi í stað loftlínu.

Hreppsnefnd

Einnig verður sett inn iðnaðarsvæði fyrir byggingu tengivirkis í landi Lækjartúns sem í dag er skrá sem landbúnaðarland.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að gerð verði breyting á aðalskipulagi í samræmi við umsókn. skilyrði er að samþykki liggja fyrir við landeigendur.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Liður 3. Lækjartún: Ásahreppur: Tengivirki vegna jarðstrengs: Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi: Deiliskipulag – 1805013

Tekin er fyrir umsókn Landsnet dags. 04.05.2018 þar sem óskað er eftir að hefja vinnu deiliskipulags í landi Lækjartúns Inr. 165306 samhliða aðalskipulagsbreytingu vegna lagningu jarðstrengs til styrkingar raforkukerfi Suðurlands.

Áformað er að leggja Selfosslínu 2 að hluta í jörð milli Hellu og að tengivirkinu við Þjórsá.

Jarðstrengurinn kemur til með að fylgja Suðurlandsvegi í gengum Ásahrepp og Rangárþing ytra en ekki hefur verið ákveðið hvoru megin þjóðveggar strengurinn muni liggja. Einnig mun vestur hluti

Selfosslínu 2 verða tengdur inn í áður nefnt tengivirki. Með breytingunni verður því Selfosslína 2 felld út af skipulagi á umræddu svæði og gert ráð fyrir jarðstreng með Suðurlandsvegi í stað loftlínu.

Einnig verður sett inn iðnaðarsvæði fyrir byggingu tengivirkis í landi Lækjartúns sem í dag er skrá sem landbúnaðarland.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagsgerð verði heimiluð í samræmi við umsókn, með fyrirvara um samþykki landeiganda.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

Til kynningar:

- A. SASS, Niðurstöður íbúakönnunar á Íslandi.
- B. Sambandið, Nýr kjarasamningur við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum undirritaður.
- C. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands maí 2018.
- D. Sambandið, Upplýsingasíða um launakjör kennara.
- E. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands verður haldinn miðvikudaginn 23. maí nk.
- F. Mannvirkjastofnun úttekt slökkviliða 2017, Rangárvallasýslu.
- G. Byggðastofnun, ársskýrsla 2017.

Fundargerð yfirlesin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 09:30

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)